

Málþing um innleiðingu Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks

Til : ingibjorg.hinriksdottir@samband.is
Frá : ingibjorg.hinriksdottir@samband.is
Heiti : Málþing um innleiðingu Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks
Málsnúmer : 2017040031
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 12.04.2017 10:05:08
Höfundur : ingibjorg.hinriksdottir@samband.is

Viðhengi **Málþing um Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks - markmið og markhópur.doc**
[Málþing um Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks - markmið og markhópur.doc](#)

Til allra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur nú að undirbúningi málþings þar sem fjallað verður um innleiðingu [Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks](#) í starfsemi sveitarfélaga.

Málþingið er haldið í samvinnu milli sambandsins, Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við HÍ, Landssamtökin Proskahjálpi og Öryrkjabandalag Íslands. Meginumfjöllunarefnið er hvaða þýðingu sáttmálinn hefur fyrir sveitarfélögin sem stjórnvöld og þjónustuaðila (sjá meðf. minnisblað). Lögð er áhersla á að innleiðingin mun hafa margvísleg áhrif í starfsemi sveitarfélaga - og miklu víðar en einungis í þjónustu við fatlað fólk. Aðgengismál í víðum skilningi hafa marga snertifleti við stjórnsýslu sveitarfélaga, m.a. varðandi upplýsingagjöf, auk þess sem viðmið í verklegum framkvæmdum munu til framtíðar að verulegu leyti byggjast á sjónarmiðum um algilda hönnun. Þá kemur sáttmálinn töluvert inn á þróun skóla án aðgreiningar og nauðsynlegt að skólafólk kynni sér þær meginreglur sáttmálans sem fjalla um menntun (m.a. 24. gr.)

Sáttmálinn mun einnig hafa áhrif á atvinnurekandahlutverk sveitarfélaga, m.a. í gegnum þá meginreglu að starfsmenn með skerta vinnugetu eigi tilkall til viðeigandi aðlögunar á vinnustað.

Endanleg dagskrá mun liggja fyrir fljótlega eftir páska en búið er að ganga frá tveimur lykilfyrirlesturum. Annars vegar mun Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum við HÍ, fjalla um tilurð og uppbyggingu sáttmálans. Hinn fyrirlesturinn fjallar um reynslu Dana af innleiðingu sáttmálans, með sérstakri áherslu á þau áhrif sem komin eru fram gagnvart sveitarfélögum þar í landi. María Ventegodt Liisberg frá dönsku mannréttindastofnuninni flytur þennan fyrirlestur, en hún er í forystu fyrir verkefnum stofnunarinnar sem snúa að jafnri meðferð (Department Director, Equal Treatment). Að mati okkar sem höfum komið að undirbúningnum er mikill fengur að því að fá Mariu til þess að deila reynslu Dana.

Málþingið verður haldið frá kl. 13:00 til 17:00 þriðjudaginn 16. maí n.k. og þeir sem áhuga hafa á málefninu, hvattir til þess að taka daginn frá.

Um mánaðamótin verður opnað fyrir [skráningu á vef sambandsins](#) en gert er ráð fyrir að styrkir standi undir kostnaði þannig að ekki þurfi að innheimta gjald fyrir þátttöku.

Viðtakendur eru beðnir um að miðla þessum pósti áfram til kjörinna fulltrúa og þeirra sem sitja í nefndum og ráðum sveitarfélaga og gætu haft áhuga á umfjöllunarefninu.

Málþinginu verður einnig streymt (og dagskráin tekin upp þannig að hún verði aðgengileg á vefnum í framhaldinu).

Með bestu kveðju - gleðilega páska!
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA